

62. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn mánudaginn 29. september 2008 kl.12 -13 á Kaffitári í Borgartúni.

Mætt: Hildur Gestsdóttir, María J. Gunnarsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Helga Tuliníus, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Bjarni Reykr Kristjánsson og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fundargerðir

Fundargerðir nr. 60 og 61 samþykktar

Ferð til Úganda – fá hugmyndir sem geta nýst í ferðina

Það stendur til að Ingibjörg Guðlaugsdóttir, María J. Gunnarsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir heimsæki CLF á meðan þær dvelja í Úganda tímabilið 15. nóv. - 5. des. Gestur Gíslason, stjórnarfulltrúi í CLF, verður þarna einnig á þessu tímabili.

Rætt var hvað helst þyrfti að skoða við starfsemi CLF. Lögð var áhersla á að kanna hvernig stelpunum gengur í skólanum og í kertagerðinni. Einnig skoða starfsemi CLF fyrr og nú, hvernig fjármununum sé varið. Athuga hvort miklar breytingar hafi orðið á mannaráðningum undanfarið. Ef svo er kanna þá kanna hverju það sæti. Athuga barnaþössonina en Zontaklúbburinn hefur séð um að greiða hana kr. 200.000,- á ári. Skoða lóðamálin, staðsetningu nýju lóðarinnar og fyrirhugaða styrkveitingu Japanska sendiráðsins til byggingar nýss hús fyrir CLF á lóðinni. Athuga gengi smálánasjóðsins, fá yfirlit yfir styrkveitingarnar til stúlkanna og kanna þörf á viðbótarfjármagni, en við höfum greitt kr. 200.000,- frá því styrkveitingarnar hófust. Heimsækja Trudi í Kitetikaskólann þar sem flestar stelpurnar ganga í skóla og ICEIDA en þeir greiddu fyrir námskeiðin sem haldin hafa verið á þessu ári. Funda með Unifem, til að vekja athygli á CLF og í lokin með stjórn CLF, en Gestur ætlar að halda stjórnarfund á meðan á heimsókn hans stendur í Kampala. Síðan á að stefna að því, í samstarfi við Trudi í Kitetikaskólanum, að fara til Norður Úganda. Þar hefur félagið Alnæmisbörn verið að styrkja byggingu dagheimilis fyrir ungar stúlkur sem hafa orðið fyrir barðinu á stríðinu sem þar hefur herjað í lengri tíma. Þetta er gert í samstarfi við ABC barnahjálpmann sem hafa einnig reist þarna skóla fyrir stúlkurnar.

Sala Alnæmisbarna í Kolaporti 27. og 28. september

Sala Alnæmisbarna á barnafötum og kertum í Kolaportinu gekk mjög vel en hreinn ágóði sölunnar var kr. 61.400,-. Þá var búið að draga frá gjald fyrir leigu á bás, borði og slá. Þar sem enn er til fjöldi barnafata er fyrirhugað að leiga aftur bás og verður stefnt að því að fara fyrstu eða aðra helgina í nóvember. Félagsmenn gefst þá aftur kostur á því að taka þátt.

Ennfremur stendur til að vera með sölu á kertum og tertum í Kringlunni fyrir jólin. Jafnframt að hvetja fyrirtæki til að senda rafrænar jólakveðjur eins og um síðustu jól og styrkja þess í stað Alnæmisbörn með þeirri upphæð sem annars hefðu farið til greiðslna hefðbundinna jólakorta. Heimasíða

Setja þarf inn á heimasíðu Alnæmisbarna og senda þarf bréf til félagsmanna um heimsókn Hildar til forsetans, en hún fór fyrir hönd Alnæmisbarna þegar úganski forsetinn kom í heimsókn til Íslands ekki alls fyrir löngu. Einnig þarf að setja frétt um fjáröflun Alnæmisbarna í Kolaportinu síðustu helgi.

Önnur mál

Næsti fundur er fyrirhugaður mánudaginn 13. okt. kl.12 á veitingarstaðnum Kaffitári í Borgartúninu.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar